

Stjórn Samtaka heilsuleikskóla

Fundargerð 19. desember 2018

- ❖ Ráðstefnan á Akureyri
 - Búið er að ganga frá öllum reikningum varðandi ráðstefnuna á Akureyri í október, styrkurinn hefur einnig verið greiddur út.
- ❖ Fjármál
 - Farið var yfir ýmis mál er tengjast fjármálum Samtaka heilsuleikskóla
- ❖ Verkefnaáætlun stjórnar Samtaka heilsuleikskóla
 - Farið var yfir uppfærða verkefnaáætlun stjórnarinnar fyrir komandi mánuði og verkefnum
- ❖ Rafræn heilsubók
 - Áætlað er að opnað verði fyrir aðgang rafrænnar heilsubókar fyrir alla heilsuleikskóla í janúar
 - Tillaga hefur komið upp um að skráningar í rafræna heilsubók fari fram í afmælimánuði barnanna
 - Mælt er með því að skráð verði með þeim formerkjum þegar heilsuleikskólar hefja skráningar í rafræna heilsubók í janúar 2019
- ❖ Afhending á höfundarétti næringarstefnunnar, matseðlum og uppskriftarpakkanum frá Skólum ehf. föstudaginn 18. janúar 2019, á afmælisdegi Unnar Stefánsdóttur.
 - Viðburðurinn verður haldinn á heilsuleikskólanum Urðarhóli kl. 16:00
 - Sent verður boð á viðburðinn til allra heilsuleikskóla
 - Aðrir sem fá boð á viðburðinn: Guðmundur frá Skólum ehf, Grímur og Hákon, Thelma Rún, Jökull, upphafsfolk um rafræna heilsubók
 - Formaður útbýr boðsbréf á viðburðinn og ritari sér um að senda á viðeigandi aðila eftir áramót
- ❖ Önnur mál:
 - Gátlistar í tengslum við rafræna heilsubók – sú umræða fer fram á næsta aðalfundi
 - Berglind varaformaður bað um að fá að kynna bækling um snemmtæka íhlutun á næsta aðalfundi
 - Tillaga: Þóra Sigrún tekur saman upplýsingar um námskeið sem haldin hafa verið á vegum Samtaka heilsuleikskóla
 - Ákveðið hefur verið að verðlauna þá sem sáu um skipulagningu og umfang ráðstefnunnar á Akureyri í október sl. Ákveðið var að hver og ein fengi gjafabréf í dekur.

- Stjórn Samtaka heilsuleikskóla hefur hug á að tilnefna upplýsingafulltrúa innan stjórnarinnar til þess að dreifa verkum og umfangi innan stjórnarinnar. Hlutverk þess aðila væri að sjá um sölu á þeim auðkennum sem Samtök heilsuleikskóla selja til heilsuleikskólanna. Einnig væri hlutverk upplýsingafulltrúa að sjá um heimasíðu og Facebook-síðu heilsustefnunnar.

Á fundinn mættu: Sigrún Hulda formaður, Berglind varaformaður, Þóra Sigrún gjaldkeri, B. Sif ritari. Fundur hófst kl. 13 og var slitið kl. 16:05.